

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ  
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
LJÓSMYNDASAFNIÐ  
ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 2005

Almennt:

Útlán voru um 30.000 og gestafjöldi um 35.000 sem er álíka og s.l. ár, en þá varð mikil aukning á gestakomum og töluverð aukning á útlánum og annarri þjónustu, sem kemur til af flutningi í stærra og betra húsnæði. Enn er vaxandi þjónusta við fjarnema í héraðinu og full þörf á að bæta aðstöðu á safninu, sérstaklega fyrir framhaldsnema í greinum sem nýta gögn safnanna.

Vefur safnanna var endurnýjaður (Netheimar) <http://safn.isafjordur.is/> og er nú unnið að flutningi og þýðingu efnis á vefinn eftir því sem tími vinnst til. Einnig var lokið við gerð vefgagnagrunns (Snerpa) <http://myndasafn.isafjordur.is/> fyrir ljósmyndasafnið en hann mun vista stafræn afrit af myndum safnsins og úrval þeirra verður sett á netið. Báðir þessir vefir voru kostaðir með styrkjum frá Samgönguráðuneyti og Þjóðhátíðarsjóði.

Nú eru 7 tölvur tengdar netinu fyrir almenning, auk þess sem hægt er að tengja fartölvur gesta við netið með örbylgjloftneti innanhúss (hotspot). Ekki þarf að undirstrika nauðsyn þess að sem flestir hafi góða aðstöðu til að nýta sér netið og ekki síður að hafa aðgang að tilsögn fyrstu skrefin í notkun stafrænna gagnasafna.

Stefnt er að fjölgun netvéla og lengingu opnunartíma hússins, ekki síst til að auka þjónustu við ferðafólk.

Í maí var haldinn landsfundur forstöðumanna bókasafna í safnahúsinu.

Lokið var við frágang á umhverfi hússins s.l. vor og er það nú til fyrirmyndar.

## YFIRLIT:

### BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk bóka gömlu lestrarfélaganna, sem eru enn á Hrafnseyri og Ástúni á Ingjaldssandi en bækur lestrarfélaga Mosvallahrepps og Mýrahrepps eru í geymslum safnsins. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Bókasafnið starfar skv. [lögum nr. 36/1997](#)

### ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins á Ísafirði á árinu voru 29.636 bindi (30.027 árið 2004) en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ voru um 4.500 (4.500). Samtals voru útlánin 34.136 (34.527) á árinu, sem er nánast óbreytt frá fyrra ári. Töluvert meira er um að notkun/lestur bóka og reyndar internetsins í safninu, enda aðstaða nú mjög góð. Gera má ráð fyrir að innanhússnotkun sé a.m.k. 50% – þannig að heildarnotkun bóka safnsins losi nú 51.000 bindi á ári.

### UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir eru svipaðar eða heldur vaxandi, og eru áætlaðar um 2.000 og upplýsingabeidnir um 9.000 á árinu í aðalsafni.

### SAFNGESTIR:

Áætlað er að gestafjöldi hafi verið svipaður og á fyrra ári eða um 35.000 gestir. Óskir um að safninu sé haldið opnu lengur, sérstaklega á sunnudögum um sumartímamann og að opnað verði fyrr á daginn en kl. 1. Stefnt er að því að hafa húsið opið á sunnudögum næsta sumar og sjá hvernig það reynist - eins eru uppi áform um að fjölga netvélum safnsins m.a. í anddyrinu sem hugsanlega mætti verða opið lengur en almenn afgreiðsla, sem krefst meiri mannafla við þjónustu og vöktun.

### SKRÁNING:

Unnið er að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC: <http://marc.isafjordur.is/mmwebcat/> Safnkostur bókasafnsins í Bolungarvík var vistaður í gagnagrunni safnsins hér og opnað netaðgengi að honum á <http://marc.isafjordur.is/bolungarvik/>

### SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var 899 b. (973 b.) og er safnkosturinn nú um 78.000 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 5.000 bindi, alls er safnkosturinn því um 83.000 b. Bókakostur hreppssafnanna sem sameinuðust er um 31.000 þannig að heildarsafnkosturinn er um 114.000 bindi.

### GAGNABANKAR:

Safnið er í samstarfi við önnur söfn og menntamálaráðuneytið til að opna almenningi aðgang að erlendum gagnasöfnum án endurgjalds <http://www.hvar.is/> Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu á 7 tölvum safnsins og þeir sem hafa eigin tölvur geta tengst gegnum innanhússnet safnsins.

### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufríar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Skjalasafnið hefur tilsjón með skjalavistun og meðferð skjala Ísafjarðarbæjar m.a. í GoPro skjalavistunarkerfinu. Skjalasafnið starfar skv. [lögum nr. 66/1985](#)

### LJÓSMYNDASAFNIÐ

Á árinu voru töluvert vaxandi umsvif á ljósmyndasafninu við afgreiðslu, afritanir, skráningu, frágang ljósmýnda, filma o.fl. Með stofnun safnsins aukast möguleikar þess á að afla styrkja frá ýmsum sjóðum og ríki - til verkefna og jafnvel rekstrar í framtíðinni. Safnið lét smíða nýjan vefgrunn til varðveislu á stafrænum afritum mynda, hann er vistaður samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum í vél safnsins hjá Snerpu ehf. Úrval mynda safnsins verður aðgengilegur á vefnum. <http://myndasafn.isafjordur.is/> Á árinu bærust safninu nokkrar myndagjafir. Safnkostinum hefur að mestu verið komið fyrir í sýrufríum umbúðum í geymslum safnsins (alls nálægt 140.000 myndir).

### GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

Lokið var við frágang á nánasta umhverfi hússins - vonir standa til þess að framhald verði á frágangi kringum húsið og allt að sjúkrahússtúnið tekið skipulagt og byggt upp sem útivistarsvæði.

# NÁNARI SUNDURLIÐUN

## BÓKASAFNIÐ:

### ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins á Ísafirði 29.636, en voru (30.027) árið 2004. Í aðalsafni voru útlánin 23.436 (23.827), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán um 6.200 bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 4.500. Heildarútlán í Ísafjarðarbæ voru því 34.136 (34.527) bindi. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru um 8 b./íb. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með en sú notkun hefur stóraukist með nýrri aðstöðu. Ekki er talin afritun gagna s.s.ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Miðað við erlend viðmið má gera ráð fyrir að heildarnotkun (útlán og innanhússnotkun) á árinu 2005 hafi verið líðlega 51.000 bindi.

### MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru um 200, og rit fengin að láni voru um 100. Hljóðbækur fengnar að láni voru svipað margar og s.l. ár eða um 300.

### ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru um 400 bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.500 bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru um 1.000. Alls voru þessi útlán um 5.900.

### SÖGUSTUNDIR:

25 (25) sögustundir voru á árinu og komu um 141 (120) börn árinu og 15 sögustundir á pólsku og komu 63 börn.

### SAFNKYNNING:

Safnkynningar voru fyrir yngri bekkir grunnskóla voru 9 (11) og komu 143 (219) börn, fyrir leikskóla voru 23 (27) kynningar og komu 180 (223) börn, fyrir Dægradvöl GÍ 12 (1) og komu 103 (10) börn. Á bangsadaginn komu 85 (100) börn á skipulagða dagskrá. Á jólasýningu komu 353 börn í 21 skipti. Samtals komu 864 (560) börn á þessa kynningaratburði.

### PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar álíka margar pantanir á bókum (vegna lána) og áður eða um 150.

### LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 700. Verð skírteina var 1500 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

### SAFNGESTIR:

Áætlað er að a.m.k. 35.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu, sem er veruleg auknin frá fyrri árum.

### SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hafa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrarhr. (safnið er nú á Hólmavík), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjallahr., (söfnin eru nú í kössum í Súðavík), Súðavíkurhr., Flateyrarhr., Mýrahr. (safnið er á Ingjaldssandi) og Mosvallahrepps (í geymslum aðalsafns). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá safnið á Þingeyri í kerfið á næstunni, eða þegar safnið hefur verið endurskipulagt.

Lokið er skráningu á öllum safnkosti útlánadeildar aðalsafnsins og undirbúa/strikamerkja fyrir tölvuútlán. Auk þessa er safnkostur Grunnskólans á Ísafirði og Fræðslukrifstofunnar skráður í kerfið.

### SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði 77.161 en var (75.974) eintök í ársbyrjun. Fjölgun var 1.187 miðað við aukningu upp á (1.261) eintök s.l. ár. Keypt voru 1.136 (1.064) rit, og bækur gefnar safninu voru 86, miðað við (82) s.l. ár. Afskrifaðar voru 899 bækur (2.407 s.l. ár). 88 (84) bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 83.000 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 31.500 auk um 2.500 bóka úr lestrarfélögum norðan Djúps - þess má geta að Lestrarfélag Grunnviku er varðveitt sem heild (sérdeild) sem dæmigert lestrarfélag frá fyrri hluta aldarinnar auk þess sem margar af bókum félagsins eru bundnar inn í roð (hlýra/steinbít) sem er óvenjulegt. Bókakosturinn í heild er því um 117.000 bindi.

#### GAGNABANKAR:

Safnið hefur frá árinu 1992 haft tölvusamband við gangabanka innanlands og erlendis og síðar á Internetinu. Nú hafa söfn landsins samið um aðgang að helstu gagnagrunnum á landsvísu þannig að öll söfn fái aðgang að þeim hindrunarlaust gegnum síðuna <http://www.hvar.is/> Safnið hefur undanfarin 13 ár veitt lánþegum aðgang að Internetinu, fyrst með 1 vél á módemi en nú 7 vélar tengdar SDSL. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og fjölda erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum, ljósrítum, eða beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita sambærilega þjónustu og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

#### VEFUR:

Lokið var við smíði vefs fyrir safnahúsið (Netheimar) <http://safn.isafjordur.is/> - og er unnið að því að koma meira efni á vefinn. Bókasafnið hér er fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skráum sínum á vefnum. Unnið er að uppsetningu á nýrri útgáfu af vefskránni og er áætlað að opna hana um miðjan febrúar 2006 - bráðab. útg: <http://172.24.38.9/default.asp>

#### STARFSLIÐ:

Að mestu óbreytt frá fyrra ári: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókaforráðgjafi (100%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókaforráðgjafi var í 100% starfi en hefur óskað eftir að vera áfram í 66% og til bráðabyrgða hefur Guðný Bjarnadóttir hlaupið í skarðið (33%). Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur í 50% stöðu. Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur starfar sem skjalavörður (100%) við Héraðsskjalasafnið. Davíð Kristjánsson er bókaforráðgjafi á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Pétur Þorkelsson er bókaforráðgjafi á Flateyri og Marías Þórðarson á Suðureyri.

#### ÚTLÁNATÍMAR:

Útlánaafgreiðsla safnsins hefur verið opin 33 klst. á viku (virka daga kl. 13-19 og laugard. 13-16). Þjónusta utan venjulegs afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og netpóst - upplýsingavakt gegnum síma og tölvusamband er að jafnaði frá kl. 10 til 18. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 2 klst. á viku vetrarmánuðina.

#### STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, öldrunardeild, dvalarheimili (Hlíf), skólaskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og Hlíf og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti.

#### SKÓLAR:

Bókaforráðgjafi Grunnskólans á Ísafirði skráir nú safnkost skólans beint í kerfi safnsins, en skólinn hefur haft aðgang að bókasafnskerfinu nokkur undanfarin ár þar sem útlán eru einnig skráð. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Bókasafnið hefur tekið upp samstarf við Háskólann á Akureyri og aðra skóla vegna fjarnáms. Safnið þjónar nemendum sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnaböndum og leiðbeiningum um notkun þeirra og veitir þeim aðstoðu á safninu eftir því sem hægt er og standa vonir til þess að losa megi pláss á 3ju hæð til nota fyrir fjarnema - amk fyrir þá sem eru í framhaldsnámi í þeim greinum sem þurfa aðgang að bóka- skjala- og myndasafninu. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) eins og áður að verulegu leiti.

#### HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við hreppasöfn í héraðinu eru skv. lögum – þetta samstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skráum safnsins eins og aðrir á Internetinu, sama gildir um bókasafnið í Bolungarvík þó það sé ekki í formlegu sambandi.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2005 bárust safninu 28 (32) skjalaafhendingar og fyrirspurnir voru svipað margar og áður eða 40 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Þá tók safnið þátt í Norrænum skjaladegi í annað sinn og hafði til sýnis skjöl á safninu. Þá stóð safnið að jólasýningu á Gamla sjúkrahúsínu í samstarfi við bóka- og byggðasafn eins og áður. Og tók þátt í sýningu um Kristínu Ólafsdóttur lækni og sýningu í tilefni af afmæli Gunnvarar ehf. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Eins voru nokkrir einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2005 voru færslur í aðfangabók 3702 (3674). Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður.

## LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Safninu bárust 6 (10) lítil myndasöfn og á árinu 2005 fékk safnið upp 50 fyrirspurnir auk þess sem safnið útvegaði myndir í ýmsar útgáfur á árinu, sem er öllu meira en árið áður. Í safninu eru nú um 140.000 filmur og ljósmyndir. Safnið hefur ný yfir að ráða tilsniðnum gagnagrunni til að vista og varðveita stafræn afrit af ljósmyndum í samræmi við viðurkenndar öryggiskröfur. Úrval úr safninu verður jafnframt aðgengilegur á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/>. Áætlað er að flytja myndiefni (sérstaklega gamlar litfilmur) yfir á þennan grunn eftir því sem mannaflí leyfir, en skönnun mynda er nokkuð tímafrek vinna, en hluti af filmusafninu hefur afar takmarkað geymsluþol. Sótt hefur verið um rekstrarstyrk úr Safnasjóði til verksins.

## STJÓRN:

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

Í [Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar](#) eiga nú sæti:

Inga Ólafsdóttir formaður, Hafnarstræti 7 Ísafirði

Sigurborg Þorkelsdóttir Fagraholti 7 Ísafirði

Hansína Einarsdóttir, Eyrargötu 3 Ísafirði

6. febr. 2006

Jóhann Hinriksson